

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Siglufjarðar hefur rétt til þess að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal eiga greiðan aðgang að öllum hitakerfum, sem tengd eru hitaveitunni. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, með tilvísun til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.Guðrún Skúladóttir.**AUGLÝSING**

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 368 5. ágúst 1975,
með síðari breytingum.**

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 67,50 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald kr. 113,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

6. gr. orðist svo:

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m³ að utanmáli kr. 7 030,00 og síðan kr. 14,00 fyrir hvern m³ þar yfir.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.Guðrún Skúladóttir.